

Nr. 56/2022-2023

Þingsályktun um stjórnáslulegar ákvarðanir biskups Íslands (55. mál) og við tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa, nr. 9/2021-2022 með síðari breytingu (56. mál).

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir eftirfarandi þingsályktunartillögu:

Sem hirðir hirðanna fer frú Agnes M. Sigurðardóttir með biskupsþjónustu í þjóðkirkjunni þar til nýr biskup hefur verið vígður. Í því felst að hún hafi fram að þeim tíma tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og þjónustu hennar í landinu ásamt því að gæta einingar kirkjunnar sbr. 10. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021.

Kirkjuþing lýsir yfir fullum stuðningi við biskup til allra þeirra mikilvægu verka.

Til að stjórnáslustörf kirkjunnar séu hafin yfir allan vafa ályktar kirkjuþing að vígslubiskupar fari með allar stjórnáslulegar ákvarðanir biskupsembættisins sem lögfylgjur kunna að hafa, þar til nýr biskup hefur tekið við embætti.

Samþykkt á kirkjuþingi 27. október 2023 og birt á opnum vef kirkjunnar sama dag.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.